

HÁLFRARALDARMINNING

I

Í dag, 20. jan., er hálf öld liðin síðan ég lauk því sem heitir á dönsku „Skoleembedsexamen i Naturhistorie og Geografi, med Fysik og Kemi som Bifag (og Speciale i Geologi)“. Ef ég man rétt, þá var það 24. sept. 1891, sem ég kom til Kaupmannahafnar, til að búa mig undir þetta próf. Ég kunni ekki vel við mig í þeim bæ, fyrst í stað (og raunar aldrei), enda lifði við fátæklegar ástæður. Og að yfirgefa sínu góðu foreldra og systkini, og annað vensla- og vinafólk, til þess að vera þar sem öllum stóð alveg á sama um mann, var ekki skemmtilegt. Stud. mag. í náttúrusögu og landafræði var ekki mikilsmetin vera; og þó var námið vandasamt, að sumu leyti líklega jafnvel vandasamara en flest annað háskólanám. Engir tveir af oss stunduðu alveg hið sama, og hið fornkveðna „sjálfr leið þú sjálfan þik“, náði alveg sérstaklega til vor. Og að vísu miðaði það til að manna oss betur, ef vér komumst framúr örðugleikunum. En ýmsar tafir hafði þó þetta í för með sér. Vér áttum að taka samskonar undirbúningspróf og læknanemarnir, en þó þannig, að mun meira var heimtað af oss í eðlisfræði. En svo lítið var um oss hirt, náttúrufræðinemana, að engin kennslubók var til í eðlisfræði, er væri alveg við vort hæfi. Sá sem tók próf þetta, sem ég nefndi, fékk 16 einkunnir, og get ég ekki enn í dag séð, hvaða vit var í því, að 6 af þeim voru fyrir aukafögin, þar af 4 fyrir eðlisfræði! Ég fékk 3 einkunnir fyrir neðan 7, þar af tvær í eðlisfræði og hina 3. fyrir verklega efnafræði. Einn fyrirlestur hafði ég heyrt í eðlisfræði og einn í efnafræði. Þetta var þó ekki af neinum slóðaskap, ég vanrækti annars aldrei fyrirlestra eða æfingar, heldur af því,

að þær stundir rákust á aðra kennslu, sem ég vildi ekki missa af. Mér tókst þó þrátt fyrir þetta, að nokkru leyti að sýna mig sem námsmann í aukagreinunum, því að ég fékk $7\frac{1}{3}$ fyrir aðra skriflegu eðlisfræðina — ég þekki nóg til prófa til að leyfa mér að vera sannfærður um, að hefði orðið ágætiseinkunn, $7\frac{2}{3}$, ef prófessorinn hefði þekkt mig — og 8, hreina ágætiseinkunn fékk ég í munnlegri efnafræði, hjá Júlíusi Thomsen, sem var einhver frægasti prófessorinn við háskólann þá. Mér þótti alltaf gaman að sjá karlinn, hann var svo svipmikill og svo ljómandi gáfulegur. Því miður get ég þó ekki sagt, að ég hafi verið vel að mér í efnafræði; en kennslubókina kunni ég vel.

Mér hefir stundum dottið í hug, að ég mundi á þessum námsárum frá 1885—97 hafa getað aflað mér góðrar undirbúningsþekkingar undir vísindamannslíf, ef kennslan hefði verið nógu góð. En því fór nú fjarri að svo væri. Háskólinn hefði t. d. þurft að eiga gott skip, og á því hefði námið í náttúrufræði og landafræði átt að fara fram, að miklu leyti. Og að vísu var nú náminu um tíma hagað eitthvað á þá leið, því að við „rerum“ á hverjum morgni til að afla okkur rannsóknarefnis, eða gengum á fjörur. Þetta var á Jótlandi, sem er sá hluti Danmerkur, sem mér hefir fallið best; og tel ég vikurnar, sem þannig liðu, einhverjar þær bestu, sem ég lifði á æskuárum mínum, því að þá fór námið fram nokkuð líkt því sem á að vera, og mér var mikill hugur á að læra.

Sumarið 1896 var ég kominn svo langt, að ég hugðist mundu geta gengið undir próf í byrjun næsta árs. Ætlaði ég nú að róa nokkurskonar lífróður og taka á því sem til var, þótt ekki væri nema vegna þess, að ég vildi ekki að það kæmi fyrir aftur, að ég stæði mig illa, eins og ég hafði að nokkru leyti gert í undirbúningsprófinu. En þá fór fyrir mér nokkuð líkt og haustið áður en ég tók stúdentspróf, er ég tafðist nærri mánuð frá námi, vegna soghósta, eins og ég hefi sagt nokkuð af í Latínuskólaminningarritinu. Nú ofkældist ég um haustið, er ég sat við lestur í köldu herbergi, og fékk uppúr því kvalafulla liðagigt. Varð ég þá að hætta leikfimisæfingum mínum hjá þeim góða manni, cand.

polyt. N. H. Rasmussen, sem var einn af þeim mönnum, sem mér hefir þótt vænt um, og var það aðeins með erfiðis- munum, sem ég gat komist húsa á milli. Dró þetta allmikið úr lestrardugnaði mínum fyrstu vikurnar eftir að ég komst á fætur; en fáir voru frídagarnir, sem ég tók mér, og enginn þegar á leið, ekki einu sinni á jólnum. En ekki var ég um allt ólánsmaður, því að þessa síðustu mánuði hafði ég stórum betra viðurværi en nokkurntíma áður á Hafnarárum mínum. Er það þakkarskylda að minnst þess að nokkru. Ég átti heima þessa síðustu mánuði hjá norskri konu, sem hét Hermanna Hansen, og hafði þá verið ekkja nokkur ár, en ekki efnalaus. Var hjá henni stúlka, sem María hét. Voru þær báðar, húsmóðirin og vinnustúlkan, gæddar einstakri hugulsemi, og hinir mestu snillingar við matreiðslu. Var þetta í fyrsta skipti á námsárum mínum, sem ég hafði verulega gott viðurværi, og á ég því sjálfsagt mikið að þakka, að mér tókst aðalprófið eins vel og varð. Mig skorti aðeins $2\frac{1}{3}$ stigs á ágætiseinkunn, og var það met frá því það próf var stofnað, að því er námsfélagi minn O. B. Böggild sagði mér; en hann hafði áður verið hæstur, og munaði nú raunar ekki nema $\frac{1}{3}$ stigs. En Böggild, sem lengi síðan var aðalkennarinn í jarðfræði við háskólann, hygg ég hafi verið mestur námsmaður vor á meðal. En úrvalslíð máttu þessir námsfélagar heita, því að þeir höfðu flestir verið skóladúxar, og ýmsir voru þar stúdentar með ágætiseinkunn. Ekki var í árbók háskólans, þar sem skýrt var frá prófunum, getið um fyrir hvað einstakar einkunnir voru, og stendur þó ekki á sama, hvort um var að ræða einkunnir fyrir aukafög eða aðalnám. Og mig minnir jafnvel, að prentvillur væru í því sem segir af mínu prófi.

Langmest þótti mér í það varið, að ég fékk hreina ágætiseinkunn í munnlegri dýrafræði, hjá Lütken gamla. Var mér sagt, að enginn hefði þá einkunn fengið við embættispróf hjá honum, nema ég. Var ég prófaður jafnlangan tíma og ætlaður var háskólaforlestri. Ég svaraði hverri spurningu gamla mannsins rétt, og nefndi allt rétt, sem hann sýndi mér. Þegar hann hafði lesið upp einkunnina sagði hann: „Det var

jo meget godt“, og heyrði ég hann ekki segja það í annað sinn; en ég lét vitanlega aldrei nokkurt próf í náttúrufræði fram hjá mér fara. Prófessor Lütken var hetjulegur karl, dimmraddaður, þrekinn og svipmikill. Aldrei man ég eftir að ég sæi hann brosa. Og það var meir en að sýnast hetjulegur, þar sem Lütken var. Hann hafði tekið þátt í þriggja ára stríðinu (1848—50) og varð þar svo frægur af framgöngu sinni, að hann kom heim úr styrjöldinni sem kapteinn. Blasti þá við honum glæsileg framabraut í hernum, en hann vildi ekki hverfa frá vísindunum, sneri sér aftur að náttúrufræðinámi, og tók próf með ágætiseinkunn. Ég minnst þess, að ágætismaðurinn prófessor Warming sagði einhvern tíma í grasaför um Lütken: „Han er saa velvillig;“ og mun satt hafa verið, þó að ekki væri maðurinn broshýr.

II

Ég var í góðu skapi, þegar ég eftir prófið í dýrafræði gekk út með „vötnunum“ til að hvíla mig. Þarna var um nokkurskonar íþróttaafrek að ræða, met gagnvart mjög hæfum meðkeppendum, sem að verulegu leyti voru allir betur settir en ég. Og þar sem bók þessi er svona hálf í hvoru minningarit, segi ég frá því gjör en áður. En þó mundi ég varla vera að því, ef þetta gæti ekki verið lesendum mínum nokkur hjálp til hins nauðsynlega trausts á því, að ég mundi ekki þykjast af viti geta ritað um það, sem áriðandi er, hafi ég ekki af fullri alvöru gert mér far um að komast að rétttri niðurstöðu.

En af Maríu þeirri, sem ég gat um, þarf ég að segja svolítið meir. Þegar ég kom til Hafnar aftur, 2—3 árum eftir að ég hafði lokið prófi, heimsótti ég frú H. Hansen; og þegar ég spurði, hvað orðið væri um Maríu, sagði hún, og brosti við, að María væri gift. Þótti mér þetta heldur með ólíkindum orðið hafa, því að það er ekki vanalegt, að stúlkur giftist hálfsextugar. Efnaður bóndi hafði komið og beðið Maríu. Hafði hann misst konu sína frá búi og börnum, og treysti því, sennilega með réttu, að María mundi verða honum að góðu liði. En fyrir þessa góðu stúlku mátti þetta heldur

happ teljast; því að það er sitt hvað, að vera í ellinni umkomulaus uppgjafavinnustúlka, eða mikilsvirt húsmóðir á efnaheimili. Mér þótti gaman að þessari frétt, og kom í hug eitthvað í líkingu við orðin: „Guð launar fyrir hrafnninn;“ en ég hafði sakir féleysis, ekki getað launað Maríu umhyggju-semi sína gagnvart mér, eins og vert hefði verið. Hefir oftari verið svo á ævi minni síðan, að þeim, sem mér hafa reynst vel, hefir sitthvað betur gengið en áhorfðist, jafnvel þó að launa væri vant af minni hálfu.

III

Eftir stúdentsprófið hafði ég ekki fundið til þreytu, hvorki í augum né taugum, og hafði þó mjög kappsamlega lesið, mánuðum saman. En nú, eftir kándíðatsprófið, var ég þreyttur; og fyrst jafnvel svo, að mér fannst ég mundi varla geta litið í bók framar. Það leið þó vitanlega frá. En ekki þykir mér ólíklegt, að þessi þreyta hafi átt sinn þátt í því, að svona illa fór fyrir mér í Grænlandsferðinni, að ég missti svefninn. Er slíkt mikil ógæfa og sjaldgæf, og mundi sennilega hafa farið alveg með mig, ef ekki hefði ég átt til slíkra að telja, sem þrekmenn voru meir en í meðallagi. En erfið hefir ævin verið, og án þess svefns, sem þarf, hefir maðurinn ekki hæfileika sína, andlega eða líkamlega, eins og vitringurinn Schopenhauer hefir réttilega orð á gert.

En þrátt fyrir allt hefi ég nú samt getað afrekað það, sem hinn mikli hugur minn á því að fræðast var nokkurskonar bending um að mér væri ætlað að vinna. Ég hefi komið jarðfræði Íslands í nýtt horf, eins og betur mun koma í ljós, þegar hinir efnilegu, ungu menn, sem síðan hafa tekið við, fara til fulls að snúa sér að því að vinna þá fróðleiksnámu, sem ég hefi fundið. Og ég hefi á þeirri undirstöðu, sem náttúrufræðileg menntun og æfing í náttúrufræðilegri athugun hefir skapað mér, getað áttað mig betur á tilverunni en áður hefir verið gert. Ég hefi fundið ný náttúrulögmál, lögmál hinnar vaxandi hættu, stillilögmálið, og lex persistentiae. Með því að átta mig á hinum tveim stefnum framvindunnar hefi ég getað sýnt framá, að mannkynið er á glöt-

unarvegi, jafnvel á glötunarbarmi. Og ég hefi, einnig sem náttúrufræðingur, séð framá, hvernig því getur orðið forðað.

Nú er allt undir því komið, hvort menn vilja færa sér í nyt þá þekkingu, sem ég hefi fundið, eða meta meir þá ánægju, sem þeir kunna að hafa af því að ímynda sér, að ég sé maður, sem ekki þarf að taka mark á. Og get ég sagt það fyrir með vissu, að dýr mundi sú ánægja verða. Því að ekkert er, þegar til lengdar lætur, hættulegra en fylgisleysi við sannleikann — nema hinn beini fjandskapur gegn honum. Skapar slíkt mönnum nánari tengsl en nokkur mundi kjósa sér, við líf eins og það, sem lifað er í myrkheimum.

Á sjötugsafmæli mínu gat ég þess, að ég hefði ekki gæfumaður verið um dagana, en ætlaði nú að fara að skipta um. Þetta hefir þó ekki getað orðið ennþá; en enganvegin tel ég vonlaust, að betur kunni að takast á síðari helmingi áttunda tugarins. Það er svo auðvelt fyrir gáfumenn að skilja, að það er ekki eingöngu sjálfs mín vegna, sem mig langar til að fara nú að verða gæfumaður. Umskiptin, sem ég þrái, eru á þann veg, að án þeirra getur ekki sigur, sem allt mannkyn varðar, unninn orðið. Það sem ég á við, er að horfið geti orðið á þessari jörð frá helstefnunni. En þar er sá sigur, sem milljónalið þarf til að vinna.